Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

Aðfnr. 1018, örk 9

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Fundur 8. júlí 1909.

1, Ábyrgð telsin á legukostnaði Guðbj. Brandsdóttur
2, D D D Benjamíns Halldórssonar
3, um ábyrgð á húsaleigu Ástríðar Sigurðardóttur
4, D D D Pjeturs Sigurðssonar
5, D D . legukostnaði Guðríðar Guðmundsdóttur
6, Tilkynnir útsvarið um sveitfesti Egils Guðmundssonar
7, Fyrirspurn fátækrastjórnarinnar á Frederiksberg um sveitfesti ekkjunnar Anna Marie Bjarnason
8, Vottorð um veikindi Önnu Jósefssonar. –

# Fundur 22. júlí 1909.

1, Erindi stjórnarráðsins um uppbót meðalmeðlags
2, Afsláttur á meðlagi með Guðr. Sigurðardóttur
3, Ábyrgð á legukostnaði Sigurbjargar Guðmundsdóttur
4, D . D Steinunnar Guðmundsdóttur
5, Lánsbeiðni Þórarins Guðmundssonar. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK**

Reykjavík 5. júlí mán. 1909.

Með brjefum yðar, herra borgarstjóri, dagsettum 24. apríl og 19. júní þ.á. hafið þjer sent mjer skjöl snertandi ágreining milli hreppsnefndarinnar í Húsavíkurhreppi og fátækranefndarinnar í Reykjavík um sveitfesti Egils nokkurs Guðnasonar og endurgjald á sveitarstyrk honum veittan í Húsavíkurhreppi vorið 1908.

Eftir skjölum málsins er enginn ágreiningur um það, að Egill þessi, sem samkvæmt útskrift úr kirkjubók Reynivallasóknar er fæddur 19. október 1835 á Ingunnarstöðum í Kjósarhreppi, hafi unnið sjer sveit í Reykjavík, og átt þar sveit, er hann fluttist norður í Þingeyjarsýslu árið 1885. Árin 1885 til 1897 dvaldi hann ýmist í Hálshreppi, Ljósavatnshreppi eða Aðaldalshreppi og er heldur enginn ágreiningur um það, að hann hafi enn verið sveitlægur í Reykjavík vorið 1897, þá er hann kveðst í æfiferilsskýrslu sinni, sem hann hefir gefið fyrir rjetti 28. apríl f.á., hafa flutst í Húsavíkurhrepp, en þar á hann, samkvæmt sömu skýrslu, að hafa dvalið síðan. Þessi skýrsla

65
1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um óslitna dvöl Egils frá vordögum 1897 til vordaga 1908 hefir hreppsnefndin í Húsavíkurhreppi rengt, og telur Egil eigi hafa átt lögheimili þar fyr en árið 1899–1900, og að hann hafi ekki talist eiga heimilisfang þar frá vordögum 1900–1902. Fátækranefnd Reykjavíkur heldur því aftur á móti fram, að áður greindri skýrslu Egils um samfleytta dvöl hans frá vorinu 1897 til jafnlengdar 1907 hafi eigi verið hnekt eða hrundið, og hefir því neitað að viðurkenna sveitfesti hans eða endurborga hinn veitta sveitarstyrk.

Samkvæmt framansögðu virðist það viðurkent af báðum aðiljum, að Egill, hvernig sem á er litið, hafi eigi byrjað sveitfestisdvöl í Húsavíkurhreppi fyr en vorið 1897, og hafi því ekki fullnað sveitfestisdvöl þar 1. janúar 1907; þann dag gengu í gildi fátækralögin frá 10. nóv. 1905, en eftir 33. gr. þeirra laga heldur maður þeirri framfærslusveit, er hann á 65 ára gamall, eða með öðrum orðum, eftir fullnaðan 65 ára aldur getur maður ekki unnið sjer sveit.

Nú var Egill, sem fæddur er 19. aktb. 1835 eins og áður er sagt, yfir 65 ára 1. janúar 1907, og getur hann þegar af þeirri ástæðu eigi talist hafa unnið sjer sveit í Húsavíkurhreppi; virðist því óþarft að rannsaka það frekara, hvort hann að öðru leyti hafi dvalið í Húsavíkurhreppi löglegri sveitfestisdvöl

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samfleytt 10 ár frá vordögum 1897 til vordaga 1907.

Því úrskurðast hjermeð, að nefndur Egill Guðnason skuli talinn sveitlægur í Reykjavíkurkaupstað.

Umgetinn styrkur, sem Agli þessum var veittur, nam 20 kr. 28 a., og krefst Húsavíkurhreppur endurgjalds á 2/3 þessarar fjárhæðar, eða 13 kr. 52 a., og með því að fátækranefnd Reykjavíkur hefir ekkert athugað við styrkveitinguna sjálfa eða upphæð hennar, þá ber að endurgreiða Húsavíkurhreppi nýnefndar 13 kr. 52 a. af bæjarsjóði Reykjavíkur.

Þetta er yður, herra borgarstjóri, til vitundar gefið, og vænti jeg þess, að þjer annist um endurgreiðslu hinnar úrskurðuðu fjárhæðar, 13 kr. 52 a.

Jón Magnússon

Til
borgarstjóra Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg leifi mjer hjer með að leita á náðir hinnar háttvirtu fátækranefndar Reykjavíkur í brýnni nauðsyn minni;

Svo er mál með vexti að eg hefi um nokkra ára tíma verið eigandi að góðri og mjer mjög heppilegri húseign, sem nefnd er Ananaust, á eign þessari hvíla nú með 1 og 2 veðrjetti með áföllnum kostnaði c 5200 krónur, eignin er virt til brunabóta um 6000 krónur og á 8 þúsund til peningaverðs, þó er hvert al ekki virt nema á 40 aura og virðingin fleiri ára gömul.

Þrátt fyrir að hafa lagt fram krapta mína hefi eg ekki getað borgað vexti og afborganir frá liðnu ári, sem alls nema til þessa dags nema um 600 krónum, af þessum vanmætti mínum hefur það leitt að húseignin hefur verið auglýst til nauðungar uppboðs sem fara á fram 26 þ. m. eg hefi leitað allra leifilegra ráða til að bjarga þessu við en sem engann árángur hefur borið annan en þann að lánardrottnar hafa reynst mjer mildir og tilhliðrunarsamir þótt svona sje komið.

Það sem eg því tek síðast til ráða er að leita á náðir fátækranefndarinnar, og biðja hana ásjár þar sem svona mikið liggur við. sem er í því fólgið að biðja hana að lána mjer þær 600 kr sem mig nú svo sárlega vanhagar um til þess eg geti haldið húseign minni; gegn 3ja veðrjetti í eigninni; ~~og~~ eg treysti því að þegar allar kringumstæður eru athugaðar að nefndin sjái sjer þetta fært og brýn nauðsyn sje til hjálpar með þeirri von að eiga ekkert á hættu.

Mjer er óbærilegt að missa eignina fyrst af

F. Rvk 70/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því að ef um peninga vinatsvædist hjá almenningi
mundi meiga selja eignina fyrir um 8000 krónur
og gæti ég þá ef svo snýrist bergað lán það sem ég
nú mælist til að fá, sem gjörði mitt fyrsta verk.
Í öðru lagi að verði húsið selt þá hefur sá er
2 veðrjett hefur einungis pant í 2000 krónu lífsábyrgð
sem nú er 6 ára gömul og mundi hún þá vera
mjer töpuð; og væri það stórt tjón fyrir fjölskyldu
mína ef ég skyldi snögglega að falla frá.
Í þriðja lagi í kringum húsið er allstórt
fiskverkunar pláss sem fjölskylda mín hefur
opt unnið sjer töluvert inn með því að taka fisk
til verkunar, og missa ég húsið ~~sjá~~ gjörði ég einnig
svipta þeim hlunnindum, þá er eptir að skýra
heimilis ástæður mínar,
Ég hefi 12 manns í heimili sem eru fyrst
að mestu foreldrar mínir um 70 ára hvert mjög
heilsulaus og slitinn, foreldrar konu minnar
jafn gömul og heilsulítil, 6 börn elsta á 10 ári
yngsta 1 árs, svo lakt við hjónin, eins og nú er
erfitt að bjarga sjer þar sem vinnuleysi og
peningaekla sameinast til að auka erfiðleika
mína hefi ég nóg með að afla minni þungu
fjölskyldu nauðsynlegs viðurværis, og veit ég
að enginn sem þekkir allar ástæður mínar lá mjer
það og komist ekki lengra fjárhagslega,
Ég hefi þá dregið upp mynd af heimili
mínu og núverandi kringumstæðum, þess skal
þó getið að allt mitt heimili mun eiga sveit hjer
í Reykjavík. en hvað sem því líður vildi ég með
öllum þeim mætti sem mjer er gefinn reyna
í það ýtrasta til að vinna mjer og mínum brauð
að ekki þyrfti til annars að koma en láns þess
sem hjer er nefnt að framan, og vona ég að það
lánist ef ekki koma ófyrirsjáanleg óhöpp fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eg þarf nú ekki að orðlengja þetta frekara,
glögt sjest að eg leita hjer liðsinnis í sárri
neyð, enda þarf eg skjótrar hjálpar, ef mjer verður
bjargað á annað borð. eg ~~veitti~~ sendi því að hen hátt-
virtu fátækranefnd. Synji mjer ekki; en gjöri
miklu fremur hitt, að veita mjer hið umbeðna
lán til þess að koma þannig undir mig
fótunum. því þetta treysti að fá það endur-
goldið þegar betur kann að blása, en verði
eg sviptur eign minni; sje eg enga möguleg-
leika til bjargar fjölskyldu minni framar,
Með þessu trausti um góðan árangur
er eg með einlægri virðingu

Reykjavík 20 júli 1909

Þórarinn Guðmundsson
Ananaustum

Til
Fátækranefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðrúnu Sigurðardóttur launuð fyrir, fyrir 15 kr. á mánuði. —

Sjá fund 12/5 No 4 —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Steinunn Guðmundsdóttir
Grettisgötu 56 þarf að komast
á spítala.

Rvík 11/7 23

Matth. Einarsson

Ábyrgð tekin 14/7
P. E. .

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það vottast hjermeð að Sigurbjörg Guðmundsdóttir til heimilis á ~~[illegible]~~ Klapparstíg 1 þarf að leggjast á St. Josephs spítala tafarlaust

12/7.09. G. Magnússon

15 aur.

Jodd i Garði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS.**

Reykjavík, 17 júlí 1909.

Hjer með eruð þjer, herra borgarstjóri, beðinn að gefa stjórnarráðinu skýrslu um upphæð meðalmeðgjafar með óskilgetnum börnum í Reykjavíkur kaupstað fyrir tímabilið frá 14. maí 1909 til fardaga 1914, sem bæjarstjórninni samkvæmt 9. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905 ber að ákveða og mun skýrsla þessi verða birt í Stjórnartíðindunum.

F. h. r.

Klemens Jónsson

/ Guðmundur Sveinbjörnsson

Til

borgarstjórans í Reykjavík.

L. 69
1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Franski spítalinn í Reykjavík

Eg undirritaður ..............................

..............................

ábyrgist hérmeð skilvísa borgun á kostnaði þeim er

leiðir af spítalalegu ..............................

Benjamíns Halldórssonar

svo og af útfararkostnaði, ef til kemur.

*Reykjavík, hinn* ..............................

## Spitalareikningur

| | Kr. | a. |
|---|---|---|
| Legudagar frá / til / 190 | | |
| ........ á kr. ........ . . . . . . | | |
| Umbúðir . . . . . . . . . . . . | | |
| Akavökunætur ........ á kr. ........ . . | | |
| Útfararkostnaður . . . . . . . . | | |
| Alls | | |

*Reykjavík. hinn* ..............................

franskur konsularagent.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rvk 1/7 1909.

Viðvíkjandi brjefi yðar, herra borgarstjóri, um heilsufar Árna Jósefssonar snikkara sem nú býr á Njálsg. 50 B. hef jeg þetta að segja: Maður þessi er berklaveikur (hægra lunga) og ekki vinnufær. Óvíst hversu sjúkdómi hans reiðir af.

Guðm. Hannesson

Til

Borgarstjórans Reykjavíkur.

F. Rvk. 68/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðbjörg Brandsdóttir
Hverfisgötu 29 þarf að leggjast
á spítala.

Rvík 4/7 19

Matth. Einarsson
læknir.

Ábyrgð tekin 6/7
K.9.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðrún Halldórsdóttir Klapparstíg 6
þarf að fá 6 Krónur (að klosta sig í Sveit

Reykjavík 5/7 – 09

~~Samúel~~ Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðrún Þórðardóttir

á Hverfisgötu 28

þarf að fá stikk. Kl. 4 e.

[illegible] 2 [illegible]

Sæmund Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Journal A 2. № 160/09. Alm. №

AFSKRIFT.

# For Enker og fraskilte Koner.

Bopæl: Kr. Sophiesvej 9,1

1. Navn. 1. Anna Marie Bjarnason, f. Nielsen

2. Fødedatum. 2. 8. Januar 1883

3. Fødested. 3. Roskilde

4. Troesbekendelse. 4. Folkekirken

5. Den sidst afdøde eller fraskilte Mands Navn og Stilling. 5. Typograf Haflidi Bjarnason

6. Mandens virkelige eller legale Fødested og Fødselsdag. Hvis han eller hans Forældre er født i Udlandet, om han havde Indfødsret? 6. Reykjavik paa Island den 26. Oktober 1873

7. Naar og hvor ægteviet? 7. 24. November 1901, St. Stefans Kirke

8. Hvor og naar døde Manden, og hvor er han begravet, eller Datum af den Bevilling, hvorved Ægteskabet er ophævet? 8. 8. August 1907 paa Frederiksberg Hospital, begravet paa Fasankirkegaarden.

9. **Børnene,** anføres efter Alderen, det ældste Barn først.

| № | Fulde Navn. | Født den Datum. | Født den Aar. | Fødested, virkeligt eller legalt, eventuelt om det sidste er noteret. | I hvilken Kirke døbt. | Anbragt i Skole eller Asyl og i hvilket. | Bemærkning. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Valdemar Bjarnason | 8/2 | 1904 | Kbhvn. | Kapernaums Kirke | | |
| 2 | | | | | | | |
| 3 | | | | | | | |
| 4 | | | | | | | |
| 5 | | | | | | | |
| 6 | | | | | | | |
| 7 | | | | | | | |

F. Rok 67/[illegible]

Bl. 103.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| 10. | Paagjældendes Arbejdsførlighed og Helbredstilstand. | 10. | lidende af Lungetuberkulose |
| 11. | For hvem arbejder hun, og hvor stor er den ugentlige Fortjeneste derved? | 11. | har ernæret sig ved Syning, 10-12 Kr. mdl. |
| 12. | Om noget af Børnene har Erhverv, hvorved, og da den ugentlige Fortjeneste? | 12. | Barnet er i Jylland hos Konens Forældre |
| 13. | Hendes Husleje. | 13. | 4 Kr. mdl. |
| 14. | Boer hun alene eller i Forbindelse med andre, hvilke ere disse og hvormeget betale de? | 14. | boer sammen med en Søster |
| 15. | Har hun eller Manden tidligere nydt nogensomhelst Fattighjælp og da naar, hvor og hvorlænge? | 15. | nej |
| 16. | Er den fraskilte Mand tilpligtet at svare Underholdsbidrag og hvormeget? | 16. | - |
| 17. | Har hun Legater, privat Understøttelse eller lignende Indtægt? | 17. | nej |
| 18. | Er hun i Sygekasse, Begravelseskasse, Livrenteselskab eller deslige? | 18. | nej |
| 19. | Har hun noget indestaaende i Sparekasse, udestaaende Fordringer (herunder tilgodehavende Underholdsbidrag) eller Arv i Vente? | 19. | nej |
| 20. | Hvilket Bohave og Effekter ejer Paagjældende. | 20. | lidt Indbo |
| 21. | Aarsagen til Trangen. | 21. | Blev den 25. Maj 1909 indlagt i Frederiksberg Hospitals statsanerkendte Tuberkuloseafdeling |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Angaaende Forsørgelsesretten:**

22. Naar er hun sidst ankommen til Frederiksberg og hvorfra? 22. ca. 5-6 Uger kom fra Ribe

23. Øvrige Oplysninger. 23.

Manden har opholdt sig i Reykjavik til han i 1900 rejste hertil, boede derefter dels I København dels paa Frederiksberg til han i 1907 afgik ved Døden.

Formentlig forsørgelsesberettiget i

REYKJAVIK
-------------

**Frederiksberg Fattigvæsens Kontor,** den 15. Juni 1909.

Paagjældendes Underskrift: Anna Bjarnason

Afhøringen optaget af: E. Gundorph

Foreviste eller vedlagte Legitimationspapirer:

Afskriftens Rigtighed bekræftes

Steincke

Egn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Frederiksberg Fattigkommission.

Den 23. Juni 1909.

Skrivelser og Postanvisninger m. m., denne Sag vedrørende, bedes betegnede med

A 2. 160/09.

Den 25. f. M. blev Typograf Hallidi Bjarnassons Enke Anna Marie f. Nielsen i Henhold til Tuberkuloselovens § 7 indlagt i Frederiksberg Hospitals statsanerkendte Tuberkulose-afdeling for offentlig Regning lidende af Lungetuberkulose. I Anledning af Enkens forestaaende Overflytning til Nakkebølle Sanatorium er der den 16. ds. i Henhold til ovennævnte Lov tilstaaet hende Beklædningshjælp.

Da Paagældende efter vedlagte Afskrift af en optaget Afhøring maa anses forsørgelsesberettiget i Reykjavik, skal man herved forespørge, om Forsørgelsesretten erkendes og Omkostningerne ved den ydede Hjælp kunne ventes refunderede efter fremsendt lovlig Regning.

1 Daabs- og 1 Vielsesattest vedlægges og udbedes tilbage.

P. K. V.

C. C. Wilkens

/ Karpöum

Til

Fattigudvalget,

Reykjavik.

f. Rvk 67/1909

Bl. 37.

4

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 22/9 – 09

Hér með leyfi eg mér að tilkynna yður herra borgarstjóri að eg segi hér með til bæjarins son minn Guðbrand Sigurðsson, sem er 24 ára gamall, og hef eg áður í mörg ár fengið styrk af bænum með þessum dreng, sem er yfirfallinn af flogaveiki, og getur því ekkert unnið sér inn. Í tvö ár hefur tengdasonur minn fyrv. kaupm. í Borgarnesi Ari Þórðarson, séð um okkur, en þar sem ástæður hans ekki leyfa það lengur, þá sé eg mig knúða til að leita hjálpar af bæjarsjóði með þessum dreng mínum, og mundi eg reyna að hafa hann hjá mér ef ég fengi með honum Kr. 15,00 á mánuði. Sjálf hef eg engin efni, og á enga að sem geta hjálpað mér, og þar að auki komin á fallanda fót.

Virðingarfyllst
Vilborg Sigurðardóttir

Til

borgarstjórans í Reykjavík

[illegible] 100

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eignast smátt og smátt fyrir annara góðvild. Að öllu öðru heimilinu til lífsbjargar er jeg allslaus, og verð því auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn í þessum vandræðum mínum, sem allra fyrst, að veita mjer öfluga hjálp af fátækrasjóði, til þess fyrst og fremst að fólk mitt nú þegar frá þessum tíma geti haft þolanlegt viðurværi, og svo til þess að jeg geti fengið mjer, sem heimilisforða í haust og komandi vetur nauðsynlegt mjöl, kjöt og slátur, kol og olíu, og keypt það sem fyrst, meðan það er í þolanlegu verði, og til þess þyrfti jeg að fá svo fljótt sem auðið er, í allra minnsta lagi 100 krónur, og síðan, eins og í fyrra, 25 krónur á mánuði næstkomandi vetur, svo að jeg og fólk mitt geti komizt neyðarlítið af til næstkomandi vors.

Jeg dirfist í auðmýkt að vænta þess að hin háttvirta fátækrastjórn verði fljótt og vel við þessari bón minni, og auðsýni mjer í núverandi eymdarástandi mínu, veglynda mannúð og hjálpsemi, eins og hún hefir að undanförnu gjört.

Smiðjustíg 11 í Reykjavík, 28. september 1909.

Auðmjúklegast.

Sveinn Ólafsson.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um leið og jeg votta hinni háttvirtu fátækrastjórn innilegt þakklæti mitt fyrir hjálp þá, sem hún undanfarin ár á haustum og vetrum hefir veitt mjer af fátækrasjóði í vandræðum mínum, neyðist jeg til enn á ný að leita samkynja hjálpar hennar af fátækrasjóði bæjarins á þessu hausti og komandi vetri, því nú eru ástæður mínar jafnvel enn aumari en þær hafa áður verið að því leyti, að jeg nú er orðinn svo mikill aumingi að jeg alls ekkert get gjört, svo að segja alveg máttlaus, og get ekkert spor stigið án þess jeg sje studdur, farinn að fórlast sjón og heyrn, og á opt örðugt að tala nema með hvíldum. En fólk það sem jeg hefi fram að færa eru 8 manns, sem eru jeg og kona mín, - sem er mikið heilsulin - og 2 drengir okkar, sem báðir eru að læra iðnað, annar trjesmíði en hinn málaraiðn, en sem jeg verð að fæða að mestu leyti. Svo eigum við eina dóttur, sem er á tvítugsaldri, en hún vinnur fyrir fæði sínu með saumum og öðrum verkum. Og svo eigum við ennfremur 3 börn, sem enn eru á ómagaaldri, og því enn ómagar.

Nú er heimili mitt sem stendur alveg bjargþrota fyrir allan þennan hóp minn undir veturinn að öllu öðru en kartöflum og rófum úr kálgarði mínum, og ofurlitlu af „trosi", sem jeg hefi

B. Rvk. 9/9 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skýrsla

um þurfalinginn Jónína Sigurðardóttir ekkja.

1. Fullt nafn þurfalingsins Jónína Sigurðardóttir

2. Fæðingardagur og ár 21 april 1877

3. Fæðingarstaður Gröf í Skilmannahrepp.

4. Framfærslusveit hans þá er hann varð 16 ára gamall? Innriakraneshreppur

5. Giptu hvar og hvenær? 1904 í Reykjavík

6. Nafn konunnar, hvenær hún sje fædd og hvar?

7. Barnafjöldi og aldur þeirra 2 börn 3ja og 1. árs

8. Æfiferill þurfalings eptir 16 ára aldur. Í Innriakraneshreppi á Heinesi 2 ár, þaðan til Reykjavíkur var þar 1. ár, þaðan að Suðurvöllum í Ytriakraneshreppi þar 1. ár, þaðan að Leirá í Leirársveit og þar 3 ár, þaðan til Reykjavíkur árið 1900 og hef verið þar síðan.

F. Rvk. 61/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Hvort og hvenær hann hafi þegið sveitarstyrk fyrir sig eða þá, sem hann er skyldur að framfæra að lögum, og hvort styrkurinn sje endurgoldinn? Nei

10. Hvort hann hafi lært nokkra handiðn? Nei.

11, Hvernig heilsufari hans sje háttað? Gott

12. Hvaða atvinnu hann hafi nú, er styrks er beiðzt? Sjá um börnin og heimilið

13. Hve mikið hann hafi á viku (á mánuði)?

14. Hvernig heilsufari konunnar sje háttað?

15. Hvort hún vinni fyrir nokkru?

16. Hvort börnin geti unnið fyrir sjer að einhverju leyti? Nei

17. Aðrar heimilisástæður þurfalingsins Fremur örðugar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Hvers vegna hann er orðinn styrksþurfandi? Börnin

19. Hvaða eigur þurfalingur eigi. Lítla innanstokksmuni

20. Hvaða matbjörg hann eigi. Sama sem einga.

Að skýrsla þessi sje rjett og sönn í alla staði, vottast hjermeð undir eiðs tiboð.

(Nafn þurfalings).
Jónína Sigurðardóttir

Framanritaða skýrslu hef jeg tekið í dag í viðurvist undirskrífaðra votta, og votta jeg að skýrslan er rjett bókuð eptir framburði þurfalingsins.

Reykjavík þ. 23 januar 1909

~~Hreppstjóri.~~ J. Bjornsson
lögregluþjónn

~~Vottar~~:

---

Skýrsla þessi skal tekin áður en utansveitarþurfaling er veittur styrkur, — nema styrksþörfin sje svo brýn, að til þess fáist ekki svigrúm, en þá svo fljótt sem unnt er. Skýrslan skal gefin
a. af manninum sjálfum, ef hjón verða þurfandi og til hans næst; að öðrum kosti af
b. konunni.
c. Ef um einhleypar persónur er að ræða af þurfaling sjálfum; og
d. ef um börn innan 16 ára er að ræða og hvorugt foreldra er innsveitis, eða þau eru dáin, af þeim mönnum nærstöddum, sem helst þekkja til.

Sje skýrslan eigi tekin á löglegan hátt, eða svo fljótt og svo fullkomin sem unnt er, þá missir hlutaðeigandi sveitarfjelag rjett til endurgjalds á styrknum, sjá 64 og 65 gr. fátækralaganna sbr. og 66. gr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hreppsnefnd Selvogshrepps

Hlakkavík 4. febrúar 1909.

Bréf yðar dags. 15 des. f. á. meðtekið 21. f. m. með pósti, þar sem skýrt er frá því, að ekkjunni Jórunni Sigurðardóttir, til heimilis á spítalastíg 8. hafi verið veittur styrkur af fátækrasjóði Reykjavíkur, og beðist viðurkenningar hreppsnefndarinnar hér, fyrir sveitfesti hennar.

Útaf þessu skal eg skýra hinni heiðraðri fátækranefnd Reykjavíkur frá því, að hreppsnefndin í Selvogshreppi viðurkennir sveitfesti áðurnefndrar ekkju, þar sem maður hennar Jón heitinn Guðmundsson var sveitlægur hér í hreppi.

Gísli G. Scheving
p. t. oddviti

J. Rvk. 61/1909

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir beiðni ekkjunnar Jóninu Sigurðardóttir á Spítalastíg 8 hjer í bænum, og skipun formanns fátækranefndarinnar í Reykjavík höfum við undirritaðir fátækrafulltrúar komið á heimili Jóninu. Ástæður hennar eru þannig hún hefur 2. börn kornung og er nú algjörlega bjargarlaus og álítum við því nauðsyn að sinna styrkbeiðni hennar hið bráðasta. Jónina þessi kveðst eiga framfærslurjett í Selvogshreppi

Reykjavík 3 desember 1908

Samúel Ólafsson

Jónas Guðbrandsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rv. 266/09.

Austur-Eyjafjallahreppi
Skarðshlíð 7. maí 1909.

Í tilefni af brjefi yðar herra sýslumaður, dags. 15. f. m., með framanr fylgiskjölum, er snerta Einar nokkurn Sveinsson frá Njálsgötu 29 B. í Reykjavík, skal yður tjer með tjáð, að nefndur Einar Sveinsson, viðurkennist hjer með sem sveitlægur í Austur-Eyjafjallahreppi.

Virðingarfyllst
Hjörl. Jónsson

Til
sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

F. Rok. 64/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu
Stórólfshvoli 16. júní 1909.

Hérmeð sendi ég yður, herra borgarstjóri, viðurkenningu oddvitans í Austur-Eyjafjallahreppi fyrir sveitfesti þurfalingsins Einars Sveinssonar frá Njálsgötu 29. B. í Reykjavík, er ég hef útvegað samkvæmt beiðni yðar í heiðruðu bréfi dags. 6. mar. þ. á.

Björgvin Vigfússon

Til
Borgarstjóra Reykjavíkur

F. 14
Rok. 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÍSLANDS BANKI

ÚTBÚ
AKUREYRI
ÍSAFIRÐI
SEYÐISFIRÐI

Reykjavík, d. 5. júli 1909.

/.

Vjer leyfum oss hjermeð að senda yður hjálagt ávísun, dags. 10. f.m., frá Ólafi Th. Guðmundssyni, trjesmiði hjer í bænum, oss til handa fyrir húsaleigu hjá konunni Ástríði Sigurðardóttur af húseigninni № 34 við Laugaveg hjer í bænum, 9 kr. á mánuði að telja frá 14. maí þ.á.

Eftir að vjer höfðum fengið ávísun þessa urðum vjer þess vísir, að framannefnd kona er á fátækra framfæri hjer í bænum, og viljum vjer því leyfa oss að snúa oss til hinnar háttvirtu fátækranefndar með beiðni um, að hún sjái svo um að húsaleigan verði greidd oss skilvíslega samkvæmt ávísuninni.

Ávísun herra Ólafs Th. Guðmundssonar umbiðst endur-send oss með svarinu.

Virðingarfyllst
ÍSLANDS BANKI
[illegible] Sighvatur Bjarnason

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur kaupstaðar.

66
[illegible] 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**SÝSLUMAÐURINN Í HÚNAVATNSSÝSLU**

Blönduósi 1. júní 1909

Jafnframt því að skýra yður, herra borgarstjóri, frá því að hreppsnefnd Áshrepps hefur í brjefi 28. f.m. viðurkent sveitfesti Sigurðar þess Sigurðssonar, er brjef yðar 20. marz þ.á. ræðir um, sendi jeg yður hjermeð kr. 26.67, sem eru 2/3 hlutar af styrk þeim, er nefndur Sigurður hefur þegið af fátækrasjóði Reykjavíkur.

Kvittunar óskast

Gísli Ísleifsson

I. Rek. 63/1909

Borgarstjóri Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**ÞINGEYARSÝSLA.**

Húsavík 25. Maí 1909.

Með bréfum dags. 3. Maí og 31. des. f. á. skrifaði ég bæarfógetanum í Reykjavík útaf sveitfesti gamalmennisins Egils Guðnasonar, er varð styrkþurfi hér í Húsavíkurhrepp veturinn 1907/08. Sendi ég jafnframt með hinu síðara bréfi, reikning hreppsnefndarinnar í Húsavíkurhrepp yfir styrkupphæðina, og krafðist þess, að 2/8 upphæðarinnar, eða kr. 13.52, yrðu endurborgaðir Húsavíkurhreppi. Jafnframt óskaði eg að málið yrði lagt undir úrskurð stjórnarráðsins, ef bæarfógetinum ekki væri mér samdóma um, að nefndur Egill Guðnason væri sveitlægur í Reykjavík. Uppá þetta bréf hefi ég ekkert svar fengið, en vona að skjölum málsins hafi verið beint til yðar, herra borgarstjóri, og að fengin sé fullnaðarúrskurður í því. –

Nú hefir hreppsnefndin í Húsavíkurhreppi en á ný snúið sér til mín með bréfi dagsettu í gær, og beiðst þess, að ég annaðist um, að hún fengi endurgoldinn styrk þann, samtals Kr. 67.50, sem nefndum Agli hefir verið veittur á tímabilinu frá 1. Jan. til 15. Maí þ. á.

Þar eð mér ekki getur blandast hugur um, að Egill þessi eigi framfærslurétt í Reykjavík vil ég leyfa mér að senda yður umrætt kröfubréf hreppsnefndarinnar, með tilheyrandi 3 fylgiskjölum, með þeim tilmælum, að þér vilduð annast um, að

Til Rvk. 60/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2/3 hlutar styrkupphæðarinnar – kr. 45,00 – verði endurborgaðar Húsavíkurhrepp ásamt þeim kr. 13,52, sem bréf mitt 31. Dec. f. á. ræðir um.

Sé svo, að hin eldri skjöl málsins hafi eigi komið í yðar hendur, bið eg yður að spyrjast fyrir um þau hjá bæarfógetanum.

Loks vil ég geta þess, að oft nefndur Egill mun þurfa talsverðan styrk í sumar og framvegis, því hann er mjög heilsutæpur, og er að verða hrumur. Er því knýandi ástæða til að flýta málinu.

Steingrímur Jónsson

90

3) 135 00 (45
12
14

Til

Borgarstjórans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þareð, Egill Guðnason, sem hefir verið, hjá mér, að undanförnu, og er enn, hefir farið svo sikningnandi með heilsu frá síðasta nýjári 1908, að hann hefir mjög lítið unnið sér inn, og er nú svo lasburða að hann hefir ekki fótaferð, þá treysti eg mér ekki til að sjá honum lengur fyrir þörfum, og snýj mér til hreppsnefndar, og vil mælast til hún leggji með honum til mín fullt meðlag, frá veturnóttum til 14 Maí n.k. — Að öðruleiti fel eg kaupm. J. A. Jakobssyni að semja við hreppsnefnd fyrir mína hönd um upphæð styrksins. —

Húsavík 14. Jan. 1909

Ingiríður Bjarnadóttir

Til

hreppsnefndarinnar í Húsavíkurhreppi

J. Rvk. $\frac{60}{1909}$

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ad Húsavíkurhreppur hafi samkvæmt samningi 29. Jún. s.l. greitt í mínar hendur medlag med Agli Gudnasyni til Ingigerdar Björnsdóttur á Beinabakka á Húsavík ad upphæd Kr. 67,50 — sextíu og sjö krónur og fimmtíu aura — viðurkennist hér med og kvittast fyrir.

Húsavík 24. Mai 1909

[illegible]

L. Rvk. 60/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útdráttur

## úr gjörðabók Húsavíkurhrepps.

Ár 1909 Föstudaginn 29. Jan. hélt hreppsnefndin í Húsavíkurhreppi fund með sér á Húsavík og voru allir nefndarmenn mættir. Var þar . . .

. . . . . . . .

3. Lesið upp bréf frá Ingiríði Björnsdóttir á Beinabakka dags. 14/1 – 09 þar sem hún fer þess á leit að fá fullt meðlag með Agli Guðnasyni frá veturnóttum 1908 til 14 Maí 1909. Kveður hún hann nú vera svo lasburða að hann geti enga fótaferð haft. Að öðru leyti hefir hún falið Jóni Kaupm. Jakobssyni að semja við nefndina um upphæð styrksins.

Var Jón Kaupm. því næst kallaður til viðtals á fundinn. Álit nefndarinnar var það að hún gæti eigi gengið inn á að greiða fullt meðlag með Agli Guðnasyni frá veturnóttum 1908 að telja vegna þess að krafa um það hefði eigi komið fram fyrri. Hinsvegar sé hún sér ekki annað fært en greiða Ingiríði Björnsd. meðlag frá 1. Jan 1909 og varð það að samningum milli Jóns Kaupm. Jakobssonar og nefndarinnar að upphæð styrksins skyldi vera 15 Krónur á mánuði eða alls til 15. Maí '09 Kr. 67.50, skyldi þessi styrkur greiðast tiltölulega á hverjum mánuði eptir því sem Ingiríður óskaði og hægt væri. Og fól nefndin Jóni Kaupm. Jakobssyni að hagtæra styrknum.

Fleira gjörðist eigi á fundinum. Fundi slitið

St. Guðjohnsen Aðalsteinn Kristjánsson Kristján Sigfússon

Jónas Sigurðsson Árni Jónsson.

Réttan útdrátt staðfestir. —

Jónas Sigurðsson

(oddviti)

J. Kok. 60/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ds. 214/1909 24/5

Í sídast lidnum januar mánudi
var hreppsnefnd Húsavíkur hrepps
sagt til Egils Gudnasanar sem
þá var binju fremur lasburda ag
sá nefndinn sjer eigi annad fært
en ad ganga inn á þann samning
ad leggja honum af sveitar sjódi
Kr 15.00 á mánudi frá 1 jan til 15 mai
eda alls Kr 67.50

Vil jeg nú fyrir hönd hreppsnefnd
arinnar snúa mjer til ydar velborni
herra sýslumadur ag bidast adstadar
ydar til þess ad sveitar sjódurinn
fái styrk þenna endurgoldinn

Legg jeg svo hjer med brjef
Ingiridar Björnsdattur vegna styrk

beiðni hennar. Útdrátt úr gjörða-
bók hreppsins og kvittun fyrir styrknum

Aðvendingu skal það tekið fram
að Egill Guðnason komst ekki
af framvegis nema þyggja styrk

Húsavík 24/ Mai 1909

Jónas Sigurðarson
(Lddvik)

Til
Sýslumannsins í Þingeyjarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur